# Fundargerð stjórnar HSÍ

## Mánudaginn 2. október 2023

**Þriðji fundur 66. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, mánudaginn 2. október 2023 kl. 12.00.**

Mættir voru, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Kristján Gaukur Kristjánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson, Ragnar Lárus Kristjánsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Arnar Þorkelsson, Davíð Lúther Sigurðarson, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir og Inga Lilja Lárusdóttir.

Fjarverandi: Engin

**Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
   Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
   a. Staða sjónvarpsmála
      RG kynnti stöðu sjónvarpsmála og útsendinga. Mikil vinna hefur átt sér stað og er það von okkar að það sé búið að koma í veg fyrir stærstu gallana. Þróun mun halda áfram í vikunni.
   b. Verkefnin framundan
      RG kynnti þau verkefni sem eru framundan hjá landsliðunum okkar. Kvennalandsliðið leikur í undankeppni EM núna í október. Svo fara þær á æfingarmót í Noregi fyrir HM sem hefst í lok nóvember. Karlalandsliðið leikur hér heima 2 vináttulandsleiki við Færeyjar í nóvember. Í janúar heldur liðið svo til Austurríkis þar sem leiknir verða 2 vináttulandsleikur áður en EM hefst. Yngri landslið munu að mestu æfa hér heima í vetur.
   c. Styrktaraðilar
      RG kynnti stöðu styrktaraðila en nýr samningur var gerður við 1xInternet og þá hafa samningar verið endurnýjaðir við MS, Hilti Haga, Samkaup og Dominos. Áframhaldandi vinna er svo í gangi.
   d. Starfsmannamál
      RG kynnti stöðu starfsmannamála en Gunnar Magnússon hefur sagt upp störfum og mun láta af störfum 1. desember. Er honum þökkuð frábær störf fyrir sambandið. RG og RS munu taka ráðningarferlið áfram. Þá kynnti RG stöðu ráðninga á yngri landsliðs þjálfurum.

3. Skipun nefnda
   Skipan mótanefndar, markaðsnefndar, laganefndar og aganefndar var samþykkt.

4. Umsókn um HM 2029 eða 2031
   GBO kynnti stöðu umsóknarferlis við HM 2029 eða 2031. Mikil vinna er í gangi með Danmörku og Noregi og hafa verið margir undirbúningsfundir. Næsta verkefni er að útbúa kynningu á landinu sem og úttekt á hótelum og keppnishöll.

5. Önnur mál
   RG kynnti breytingar laganefndar þá nokkrum reglugerðum. RG sendir þær á stjórn til samþykktar.

   Þá var rætt um félagaskiptaglugga og hvort tilefni sé til breytinga á honum.

   Þá var samþykkt breyting á reglugerð um handknattleiksmót er varðar hvenær leikskýrslu er lokuð.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari